

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2025, mánudaginn 6. október var haldinn 336. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:38. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason og Sunna Jóhannsdóttir. Sigrún Guðmundsdóttir tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Einar S. Hálfðánarson boðaði forföll. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á innkaupum hjá Orkuveitunni og dótturfélögum. IER23010007

Ingunn Ólafsdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt og vísað til stjórnar.

2. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum ráðgjafarverkefnis Innri endurskoðunar og ráðgjafar varðandi arðgreiðslur og lántökur hjá Faxaflóahöfnum. IER25050007

Ingunn Ólafsdóttir og Magnús Gunnarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt og vísað til stjórnar.

3. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf. IER24100022

Ingunn Ólafsdóttir og Stefán Viðar Grétarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt og vísað til stjórnar.

- Kl. 12:11 vikur Ingunn Ólafsdóttir af fundi.

4. Fram fer umræða um ráðningarferli innri endurskoðanda og hæfnisnefnd. IER25030010

### Fundi slitið kl. 12:16

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir